

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
101 Reykjavík

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

28. mars 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 647. mál.**

Samtök atvinnulífsins telja fiskeldi vera kærkomna viðbót við atvinnustarfsemina út um land og skipta verulegu máli til að efla útflutning og standa þannig undir nauðsynlegum hagvexti til að unnt sé viðhalda hér á landi góðum lífskjörum næstu áratugi. Sú skylda hvílir á stjórnvöldum að skapa atvinnugreininni samkeppnishæf rekstrarskilyrði og íþyngja ekki um of með sértækum sköttum og gjöldum eða regluverki sem þrengir um of að vaxtarskilyrðum greinarinnar.

Samtökin hafa áhyggjur af miklum álögum sem ætlunin er að leggja á fiskeldisfyrirtækin bæði með hækkun gjalds um 67% til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis og með frumvarpi um gjald vegna fiskeldis í sjó (710. mál). Það er mikilvægt að hlúa að atvinnugrein, sem er loks að ná fótfestu hér á landi eftir áralangar tilraunir og baráttu, en kæfa ekki með óhóflegum gjöldum og sköttum langt umfram það sem tíðkast í öðrum atvinnugreinum og í samkeppnislöndum.

Samtökin skiluðu 11. janúar sl. umsögn um drög að frumvarpi um mál þetta í samráðsgátt stjórnvalda. Einkum var í umsögninni fjallað um beitingu stjórnvaldssekta. Í frumvarpinu nú hefur verið brugðist við þessum athugasemdum samtakanna og heimild til álagningar stjórnvaldssekta takmarkast við meint alvarleg brot á lögnum í stað þess að sektirnar séu hefðbundið eftirlitsúrræði til að knýja á um skil á upplýsingum svo dæmi sé tekið.

**Um tímabundin rekstrarleyfi**

Samtökin hafa lengi óskað þess að útgefin starfsleyfi og rekstrarleyfi fyrirtækja verði ótímabundin. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að rekstrarleyfi séu annars vegar ótímabundin og hins vegar gefin út til 16 ára. En í núgildandi lögum er almennt gert ráð fyrir 10 ára gildistíma leyfanna.

Í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 er að finna hefðbundin eftirlitsúrræði fyrir Matvælastofnun til að knýja fram úrbætur ef starfsemi fyrirtækja er ekki í samræmi við ákvæði rekstrarleyfis eða ef ekki eru að fullu uppfyllt ákvæði laga og reglugerða. Samkvæmt 16. gr. laganna er Matvælastofnun heimilt að afturkalla rekstarleyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna, stjórnvaldsfyrirmælum samkvæmt þeim eða ef starfsmenn rekstarleyfishafa brjóta gegn skilyrðum rekstarleyfis. Gert er ráð fyrir andmælarétti áður en af leyfissviptingu verður. Skv. 15. gr. laganna er gert ráð fyrir að unnt sé að afturkalla rekstarleyfi við svokallaðan forsendubrest. Síðan er í 21. gr. a. heimild til álagningar dagsekta verði ekki farið að fyrirmælum Matvælastofnun, í 21. gr. b er heimild til að grípa

til ýmissa ráðstafana á kostnað rekstrarleyfishafa og við samþykkt frumvarpsins bætast við heimildir til refsikenndra viðurlaga þ.e. stjórnvaldssekta við tiltekin meint brot á lögnum.

Þannig geta stjórnvöld brugðist við nánast öllu sem upp getur komið í rekstri fiskeldisstöðva og vandséð hvaða kostir fylgja tímabundnum starfs- og rekstrarleyfum. Að auki verða rekstrarleyfishafar jafnan að vera viðbúnir nýjum kröfum sem settar eru með lögum eða reglugerðum.

Með þetta í huga verður b. liður 8. gr. frumvarpsins ónauðsynlegur þ.e. að það sé heimilt að endurnýja rekstrarleyfið. Það er óeðlilegt að starfsemi þurfi reglulega að sækja að nýju um rekstrarleyfi ef ekkert hefur komið upp í rekstrinum sem breytir forsendum þess. Það verður að hafa í huga að ferill í kringum leyfisveitingar hefur sífellt verið að þyngjast og fleiri koma þar að. Það er heldur ekki ljóst af þessu ákvæði frumvarpsins hvort ákvæði um veitingu nýrra leyfa gildi jafnframt um endurnýjun leyfa sbr. 10. gr. og 10. gr. a. laganna með fyrirhuguðum breytingum.

Tímabinding starfsleyfa veldur eigendum og lánveitendum fyrirtækja óvissu. Fiskeldi er jafnan byggt upp til langs tíma, því fylgir mikil fjárfesting og uppbygging tengdra innviða. Fjölmargir þjónustuaðilar hafa hag af rekstri fyrirtækjanna ásamt starfsmönnum og sveitarfélögum. Óvissa hefur almennt áhrif á lánskjör og hækkar fjármagnskostnað. Rekstrarumhverfi fyrirtækja verður erfiðara en ella og lakara en víðast hvar annars staðar. Að nauðsynjalausu er dregið úr samkeppnishæfni Íslands með því að takmarka gildistíma starfs- og rekstrarleyfa.

Tímabundin rekstrarleyfi eru því íþyngjandi og til þess fallin að auka skriffinnsku og kostnað án þess að hafa ávinning í för með sér og þá hvorki fyrir leyfisveitanda eða leyfishafa né fyrir umhverfið. Rökstuðningur fyrir tímabindingu starfsleyfa hefur ekki komið fram.

Samtökin hvetja atvinnuveganefnd til að endurskoða ákvæði um tímabundin rekstrar- og starfsleyfi og óska þess eindregið þau verði framvegis ótímabundin.

Virðingarfyllst,



framkvæmdastjóri.